

**196. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
þriðjudaginn 17. janúar 2023 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2301107 - Saman á Skaga 2022 Skýrsla

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir kynnir helstu niðurstöður úr verkefninu Saman á Skaga fyrir árið 2022.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Hildi Karen fyrir fræðandi kynningu á verkefninu Saman á Skaga. Verkefnið hefur tekist vel, ánægja þátttakenda hefur verið mikil og valdefling aukist með hverju árinu. Starf verkefnisins hefur undanfarin þjú ár verið fjármagnað með styrkjum að stærstum hluta, sem ekki mun verða framhald á. Á grundvelli þess virðis sem verkefnið hefur skapað þátttakendum leggur ráðið til að verkefnið verði varanlegur hluti af frístunda- og tómstundastarfi fyrir fullorðið fatlað fólk, með fjármögnun kaupstaðarins. Áætlaður kostnaður við þjónustuna árið 2023 er kr. 3 millj. Ráðið vísar erindinu til efnislegrar afgreiðslu í bæjarráði og leggur til að Hildur Karen kynni verkefnið einnig þar.

2. 2101284 - Þroskahjálp - stofnframlag

Erindi Landssamtakanna Þroskahjálpar, dags. 9. janúar 2023, til HMS varðandi stofnframloð til byggingar íbúðakjarna í Mosfellsbæ og á Akranesi fyrir fatlað fólk. Erindið lagt fram til kynningar og umræðu.

Fyrir liggur að Þroskahjálp hefur skilað inn stofnfram lagi vegna byggingar fimm íbúðakjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi. Velferðar- og mannréttindaráð leggur áherslu á að uppbyggingin íbúðakjarna fyrir fatlað fólk haldi áfram og leggur til að skoðun fari fram á uppbyggingu fyrirhugaðra íbúðakjarna með tilliti til fjármögnum og lóða. Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.

3. 2211086 - Fundargerðir 2022 - starfshópur um stefnumörkun í öldrunarmálum

Fundargerði starfshóps um stefnumörkun í öldrunarmálum lagðar fram til kynningar.

3. fundargerð starfshóps um stefnumörkun í öldrunarmálum frá 23. nóvember 2022.
4. fundargerð starfshóps um stefnumörkun í öldrunarmálum frá 7. desember 2022.

Lagt fram til kynningar.

*VHS
HÁ*

4. 2204011 - Fundargerðir 2022 - notendaráð

13. fundargerð notendaráðs um málefni fatlaðs fólks frá 16. maí 2022.

14. fundargerð notendaráðs um málefni fatlaðs fólks frá 19. desember 2022.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristján H. Steinsson

Anita Þóra Þorvaldsdóttir

Einar Brandsson

Svínþorgr Kristjánss.

HiliqVinnunum Árnafitti.